


SINGER®



160

LEIÐARVÍSIR








Edited with Infix PDF Editor
- free for non-commercial use.

To remove this notice, visit:
www.iceni.com/unlock.htm

1. KYNNIST VÉLINNI YKKAR

HLUTIR VÉLARINNAR

1. Stýring fyrir forspennu
2. Tvinnaspenna fyrir spólun
3. Tvinnaspenna
4. Þráðgjafi
5. Lok
6. Tvinnahnífur / tvinnahalda
7. Borð/hólf fyrir fylgihluti
8. Spólari
9. Stöðvunararmur fyrir spólara
10. Afturábak hnappur
11. Láréttur keflispinni
12. Handfang
13. Handhjól
14. Aðalrofi og um leið ljósarofi
15. Tengill fyrir rafmagn
16. Upplýsingaplata um vél
17. Fótlyftir
18. Armur fyrir hnappagöt
19. Tvinnastýring
20. Tvinnastýring
21. Skrúfa fyrir saumfót
22. Nál
23. Lok yfir grípara
24. Nálstöng
25. Tvinnahnífur
26. Losunarhnappur fyrir saumfót
27. Skrúfa fyrir nálarhöldu
28. Saumfótur
29. Flytjari
30. Stingplata
31. Losunarhnappur fyrir plötu
32. Rafmagnssnúra
33. Fót mótstaða
34. Leiðarvísir



VÉLIN TEKIN Í NOTKUN


Þurrkið vélina að utanverðu áður en þið byrjið að sauma og hreinsið ryk, ló og fitu af yfirborði vélarinnar.

RAFMAGNSSNÚRAN OG FÓTMÓTSTAÐAN

Tengið rafmagnssnúruna við tengilinn (1) og við vegg tengil (2) eins og sýnt er.

Tengið fótmótstöðuna (3) við tengilinn á vélinni.

ATH: Ef mótstaðan er tekin úr sambandi, saumar vélin ekki.




Takið vélina ávallt úr sambandi með því að taka hana úr sambandi við vegg tengilinn.

AÐALROFI / LJÓSAROFI


Vélin fer ekki í gang fyrr en kveikt hefur verið á aðal/ljósarofanum.

Þegar þið eruð að hreinsa vélina, skipta um nál eða saumfót o.s.frv., verður alltaf að vera slökkt á aðalrofanum.

Slökkt á aðalrofa "OFF"




Kveikt á aðalrofa og ljósi "ON"



FYLGIAHLUTIR


1. Nálar
2. Spólur
3. Aukalegur keflispinni
4. Filtskífur fyrir keflispinna
5. Skífa fyrir keflispinna (lítil)
6. Skífa fyrir keflispinna (meðalstór)
7. Skífa fyrir keflispinna (stór)
8. Sprettihnífur og bursti
9. Skrúfjárn fyrir stingplötu
10. Rennilásafótur
11. Fótur fyrir flatsauma
12. Blindsaumsfótur
13. Hnappagatafótur og plata undir hann



Fóturinn sem er á vélinni við afhendingu er alhliða saumfótur og hentar fyrir flestalla helstu sauma.

Flatsaumsfóturinn (11) er annar mjög nytsamur fótur og á að nota við skrautsauma og vöflusaum, stjörnuþaum o.fl.

Þegar þið kaupið fleiri spólur eiga þær að vera af tegund 15 J.



KEFLISPINNAR

LÁRÉTTUR KEFLISPINNI fyrir venjuleg tvinnakefli

Setjið tvinnakefli á keflispinnann og skífu fyrir framan til að halda við það. Ef tvinnakeflið er með tvinnarauf, þarf hún að snúa til hægri.

Veljið ávallt rétta stærð af skífu, en skífan þarf alltaf að vera aðeins stærri en keflið er, svo tvinninn renni rétt af því.

LÓÐRÉTTUR KEFLISPINNI fyrir stór tvinnakefli

Setjið filtskífu á pinnann og setjið tvinnakeflið síðan á keflispinnann.

FÓTLYFTIR

Það eru þrjár stöður fyrir saumfótinn.

1. Setjið saumfótinn niður þegar þið saumið.
2. Lyftið saumfætinum í miðstöðu til að setja efni undir fótinn, til að taka efni undan honum eða til að skipta um saumfót.
3. Lyftið honum í efstu stöðu til að setja þykk og fyrirferðarmeiri efni undir saumfótinn.

ATH: Ef þið setjið vélina í gang með saumfótinn uppi gefur vélin frá sér viðvörðunarljóð til að minna ykkur á að setja fótinn niður.

FLYTJARINN ÚR SAMBANDI

Flytjarinn í vélinni sér um að færa efnið þegar þið saumið. Hann á að vera í sambandi fyrir alla venjulega sauma, en það þarf að taka hann úr sambandi þegar verið er að vinna við fríhendis ístopp, fríhendis útsauma, töluáfestingar o.þ.h. Þegar þið fjarlægjið aukalega vinnuborðið kemur stillirinn fyrir flytjarann í ljós.





FRÍARMURINN NOTAÐUR

Hægt er að nota vélina með flötu borði eða fjarlægja borðið og nota fríarm vélarinnar.

Ef vinnuborðið er á vélinni getur verið þægilegra að nota hana þannig með stærra vinnuborði.

Til að fjarlægja vinnuborðið takið þið utan um það með báðum höndum og tugið það út til vinstri. Til að setja það aftur á vélina rennið þið því utan um arminn þar til það smellur á sinn stað.


Þegar búið er að fjarlægja vinnuborðið kemur fríarmurinn í ljós en mjög gott er að nota hann þegar verið er að vinna við höllkaga flikur eins og skálmár, emmar o.þ.h.



SPÓLAÐ Á SPÓLUNA

Notið eingöngu spólur af tegund 15 J.


1. Setjið tvinnakefli á keflispinnann og festið það með skífu. Togið tvinnann af keflinu og þræðið hann í þræðistýringarnar eins og sýnt er á myndinni.



2. Setjið tvinnaendann í gegn um gatið á spólunni eins og sýnt er.

3. Þrýstið spólarannum til vinstri, ef hann er ekki þar. Setjið spóluna á spólarann og látið tvinnann og gatið snúa upp. Ýtið spólarannum til hægri þar til hann smellur á sinn stað. Haldið í tvinnaendann á spólunni.

4. Setjið vélina í gang. Eftir að spólarinn hefur spólað í smátíma, stöðvið þið og klippið tvinnaendann sem kemur upp úr spólunni. Haldið síðan áfram þar til spólan er full. Spólarinn stöðvast sjálfkrafa þegar spólan er orðin full. Ýtið spólarannum til vinstri til að fjarlægja spóluna.



SPÓLAN SETT Í GRÍPARANN

1. Setjið nálina í efstu stöðu með því að snúa handhjólínu.
2. Fjarlægjið plötuna yfir gríparanum með því að ýta á takkann hægra megin við hana. Platan smellur upp þannig að þið getið fjarlægt hana.

3. Setjið spóluna þannig í gríparann að hún snúist rangsælis þegar þið togið í tvinnann eins og myndin sýnir.


ATH: Þetta er mjög áriðandi. Spólan verður að snúast rangsælis þegar togað er í tvinnann.

4. Togið tvinnann síðan í raufina (A) og síðan til vinstri.

5. Haldið lauslega ofan á spóluna með einum fingri, og togið í tvinnann þar til hann stöðvast í rauf (B). Togið hann síðan eftir raufinni á stingplötunni þar til hann klippist með hnífnunum efst vinstra megin.

ATH: Hægt er að byrja að sauma án þess að ná undirtvinnanum upp um stingplötugatið.

6. Setjið glæru plötuna aftur á stingplötuna.







ÞRÆÐING Á YFIRTVINNA

- A. Lyftið saumfætinum. Þetta er mjög áríðandi þar sem ekki er hægt að tryggja rétta tvinnaspennu ef þetta er ekki gert.
- B. Snúið handhjólínu frá ykkur (rangsælis) þar til nálin er í efstu stöðu.
- C. Þræðið vélina með vinstri hendi en haldið einnig við tvinnann með hægri hendinni og þræðið síðan á eftirfarandi hátt eins og einnig er sýnt á myndunum.
- * Rennið tvinnanum í tvinnastýringarnar (1 & 2), og togið tvinnann síðan niður eftir raufinni (3).
 - * Rennið tvinnanum í tvinnastýringuna (4).
 - * Þræðið tvinnann framan frá í gegn um augað á nálinni (5). (Sjá einnig næstu blaðsíðu um hvernig nota á þræðarann fyrir nálina.)

ÁRÍÐANDI:





Til að fullvissa ykkur um að tvinninn sé rétt þræddur í tvinnaspennuna framkvæmið þið þessa einföldu athugun:

- 1.) Með saumfótinn uppi togið þið tvinnann aftur undan vélinni. Þið ættuð aðeins að finna mjög litla mótstöðu á tvinnanum og nálín á ekkert að bogna.
- 2.) Setjið saumfótinn nú niður og togið aftur í tvinnann aftur undan vélinni. Nú ættuð þið að verða vör við þó nokkra mótstöðu og einnig að nálín bogni aðeins. Ef þið verðið ekki vör við þessa mótstöðu þá þurfið þið að yfirfara þræðinguna.



ÞRÆÐARI FYRIR NÁL

★ Setjið fótinn og nálina í efstu stöðu



1. Þræðið vélina með vinstri hendi en haldið um leið við tvinnann með hægri hendinni. Smeygið tvinnanum síðan í stýringuna fyrir ofan nálina og togið hann að ykkur en skiljið eftir ca. 10 cm af tvinnanum.
2. Smeygið tvinnanum í tvöföldu stýringarnar (A og B).
3. Togið tvinnann varlega í tvinnahnífinn/hölduna til að klippa hann og halda honum á sínum stað.

Togið tvinnann ekki af miklu afli því þá gæti hann farið til baka í gegn um nálaraugað eftir þræðingu.

4. Togið arminn fyrir þræðarann eins langt og hann kemst niður eða þar til hann snýst og stöðvast.

Athugið að stýringin snerti ekki efni eða annað.




5. Sleppið arminum og þræðarinn þræðir nálina sjálfkrafa. Ef þræðarinn fer ekki sjálfkrafa í upprunalega stöðu lyftið honum þá varlega með handafli.
6. Togið tvinnalykkjuna frá ykkur.


Ef nálin hefur ekki verið þrædd rétt, byrjið þá aftur frá þrepi 1.

ATH:

- ★ Best er að stilla vélina fyrir beint spor og nálarlegu í miðju þegar vélin er þrædd, og þetta er einmitt ráðlögð stilling þegar þræðarinn er notaður.
- ★ Ekki er hægt að þræða mjög grófan tvinna með þræðaranum í gegn um fína nál.
- ★ Lækkið aldrei arminn fyrir þræðarann á meðan saumavélin er í gangi, því þá gætuð þið skemmt þræðarann.


ÁRÍÐANDI: Ef ekki er hægt að þræða nálina vegna þess að tvinninn er of grófur eða af sérstakri gerð verður að handþræða hana.









GÓÐAR ÁBENDINGAR:

- ★ Setjið dopa af saumavélaolíu á filtpúðann ef vélin hefur ekki verið notuð í lengri tíma.
- ★ Ef krókurinn á þræðaranum hitir ekki á gatið á nálinni, beygið hann þá aðeins til með litlu skrufjárn.



- ★ Ef krókurinn nær ekki tvinnanum lagfærið þá lóðréttu stöðuna á þræðaranum með því að beygja tvöföldu stýringuna.



TAFLA YFIR NÁLAR, TVINNA OG EFNI

Þið verðið að velja nál og tvinna eftir því efni sem þið ætlið að sauma. Þessi tafla gefur ykkur góðar leiðbeiningar um val á réttri nál og tvinna fyrir þau efni sem þið saumið. Gætið þess að nota alltaf sama grófleika af tvinna sem yfir og undirtvinna - alla vega má undirtvinninn aldrei vera grófari en yfirtvinninn.

EFNI		TVINNI	NÁLAR	
Efnin hér að neðan geta verið af hvaða gerð sem er: baðmull, léreft, silki, ull, gerfiefni, rayon eða blönduð. Nokkur dæmi:			TEG.	GRÓFL.
Punn	Batist Chiffon Krep	Snúinn baðmullar Polyester 100% Polyester * Mercerized 60	2020 rauður leggur	80 orange rönd
Meðal	Riffluð Flauel Gabardin Léreft n Ullar krep	Snúinn baðmullar Polyester 100% Polyester * Mercerized 50 Nylon	2020 rauður leggur	90 blá rönd
Meðalgróf	Þéttofin Tjaldúkur Kápuefni Gallabuxnaefni Segldúkur	Snúinn baðmullar Polyester 100% Polyester * Mercerized 40 * "Grófur"	2020 rauður leggur	100 fjólubl. rönd 110 gul rönd
Prjón	Þétt prjón Tvöfalt prjón Tricot Jersey	Snúinn baðmullar Polyester Polyester Nylon	2045 gulur leggur	80 orange rönd 90 blá rönd 100 fjólubl. rönd

* Ekki nota á teygjanleg efni.


Takið vélina ásvallt úr sambandi við rafmagn þegar skipt er um nál.

Skipt um nál

1. Setjið nálina í efstu stöðu með því að snúa handhjólinu frá ykkur (rangsælis).
2. Losið um skrúfuna sem heldur nálinni.
3. Fjarlægið nálina með því að toga hana niður á við.
4. Setjið nýja nál í hölduna og látið flata legginn snúa aftur (frá ykkur).
5. Þrýstið nálinni eins hátt og hún kemst.
6. Herðið á skrúfunni með skrúfjám.

ATH: Herðið vel - en samt ekki um of !

Gott ráð: Með því að setja efnisbút undir saumfótinn og lækka hann verður auðveldara að skipta um nál og kemur einnig í veg fyrir að nálin detti e.t.v. niður um raufina á stingplötunni.



STILLING Á TVINNASPENNU

90% af saumaskap ykkar komið þið til með að sauma með tvinnaspennuna stillta á svæðinu "AUTO".

Gott ráð: Þínulítill stilling á hærra eða lægra númer getur látið sauminn líta betur út.

BEINN SAUMUR

Rétt útlit á saumnum ykkar ræðst að mestu af réttu hlutfalli á tvinnaspennunni þannig að tvinnarnir hnýtist á milli efnanna.

Ef, þegar þið byrjið að sauma, að ykkur líst ekki á útlit saumsins, þá þurfið þið að breyta stillingunni á tvinnaspennunni. Farið samt fyrst yfir þræðingu vélarinnar til að fullvissa ykkur um að vélin sé rétt þrædd.

Breytið tvinnaspennunni alltaf með saumfótinn niðri.

Hnýting tvinnanna á milli efnanna á eingöngu við um beint spor.

ZIK ZAK og SKRAUTSAUMAR

Fyrir zik zak og skrautsauma á tvinnaspennan alltaf að vera lausari en fyrir beint spor.

Saumurinn er rétt stilltur þegar þið sjáið aðeins í yfirtvinnann á röngunni.



SPENNANN Á SPÓLUTVINNANUM

Spennan fyrir spóluna hefur verið stillt hjá verksmiðjunni þannig að þið þurfið ekki að hafa áhyggjur af henni.


SKIPT UM SAUMFÓT

Fullvissið ykkur um að nálin sé í efstu stöðu. Lyftið fótlyftinum.

1. Ýtið á hnappinn til að losa um saumfótinn af fóthöldunni.
2. Setjið annan saumfót á stingplötuna þannig að pinninn á saumfætinum sé beint fyrir neðan raufina á fóthöldunni.
3. Lækkið fótlyftuna þannig að fóthaldan smelli á pinnann í fætinum.



AÐGERÐIR Á STJÓRNBORÐI



Hnappar fyrir saumaval

Kveikið á vélinni og díóðuljósið á beina sporinu kviknar. Nú getið þið saumað beint spor.

Til að velja aðra sauma ýtið þið á viðkomandi hnapp.

Sporlengd og breidd / Nálarstaða



Vélin saumar flesta saumana á sjálfgefnum stillingum fyrir sporlengd, sporbreidd og nálarstöðu fyrir þann saum sem valinn er.

Númerið sýnir annaðhvort sporlengdina eða sporbreiddina en það fer eftir þeim saum sem valinn er. Díóðuljósið fyrir ofan sauminn kviknar fyrir ofan sporlengdina eða sporbreiddina og sýnir þá valda aðgerð.

“Auto” (forritaðar) sjálfgefna stillingar er hægt að sjá með því að ýta á sporlengdar, sporbreiddar eða nálarstöðu takkana. Díóðuljósið fyrir ofan breytist í rautt ljós þegar komið er að sjálfgefnu stillingunum.

Nú getið þið breytt sjálfgefnu stillingunum og breytt sporlengd, sporbreidd eða nálarstöðunni fyrir beint spor að eigin vali. Við hverja breytingu kviknar gult ljós á díóðunni.

Breytt stilling verður áfram í vélinni þar til þið slökkvið á vélinni.





Ath: Leiðbeiningar um hvernig stilla á nálarstöðuna eru í kaflanum "aðrar upplýsingar".

Ath: Sumum saumum og mynstrum er hægt að breyta meira en öðrum.


AFTURÁBAK HNAPPUR

Hefur tvennan tilgang: afturábak og heftingar




* Afturábak aðgerð við beina og zik zak sauma (U)

Vélin saumar afturábak eins lengi og hnappnum er haldið inni.



* Heftingaraðgerð við aðra sauma (H)

Saumavélin heftir fyrir alla aðra sauma með 4 stuttum heftisporum til að ganga frá lokum á öllum öðrum saumum en beinum saumum og sik zak sporum.



ATH: Þessi aðgerð er mjög hentug til að ekki rakni úr saumum í upphafi og enda þeirra.

2. BYRJAD AÐ SAUMA

LEIÐBEININGAR UM HENTUGA SPORLENGD OG SPORBREIDD

SAUMUR	TÁKN	LENGD (mm)		BREIDD (mm)	
		AUTO	HANDVIRKT	AUTO	HANDVIRKT
BEINN SAUMUR		2.4	0.4 – 4.8	MIÐJA	VINSTRI-HÆGRI
BEINN TEYGJANLEGUR SAUMUR		2.4	1.4 – 3.0		
HANDAVINNUÚTLIT- “QUILT”		2.4	2.0 – 4.0		–
ZIK ZAK		2.0	0 – 3.0	5.0	0 – 6.0
TEYGJANLEGUR BLINDFALDUR		2.0	1.0 – 3.0	3.0	2.0 – 7.0
ÞRIGGJA ÞREPA ZIK ZAK		1.4	0 – 2.4	6.0	2.5 – 6.0
VENJULEGUR BLINDFALDUR		2.0	1.0 – 3.0	3.0	0.5 – 6.0
STJARNA		3.0	–	5.0	5.0, 6.0
JADARSAUMUR		2.4	1.4 – 3.0	5.5	3.5 – 7.0
SKELJASAUMUR		0.2	0.2 – 1.4	7.0	3.5 – 7.0
LENGRI SKELJASAUMUR		0.4	0.4 – 1.4	7.0	3.5 – 7.0
FJAÐRASAUMUR		2.0	1.0 – 3.0	6.0	3.0 – 6.0
RIC RAC		2.4	1.4 – 3.0	5.0	2.0 – 6.0
BÚTASAUMUR		2.4	1.4 – 3.0	5.0	1.0 – 7.0
VÍN		2.0	1.4 – 2.4	7.0	3.5, 7.0

SAUMUR	TÁKN	LENGD (mm)		BREIDD (mm)	
		AUTO	HANDVIRKT	AUTO	HANDVIRKT
BOGASAUMUR		1.8	0.8 – 2.4	7.0	3.5, 7.0
VÖFFLUSAUMUR		2.0	1.4 – 3.0	6.0	3.0 – 6.0
ENTREDEUX SPOR		2.4	1.4 – 3.0	5.0	2.0 – 7.0
STIGASAUMUR		2.4	1.4 – 3.0	5.0	1.0 – 7.0
HALLANDI OVERLOCK		2.0	1.0 – 3.0	5.0	0.5 – 7.0
TEPPASAUMUR		2.4	1.4 – 3.0	7.0	0.5 – 7.0
TÖLUÁFESTING		–	–	3.0	2.0 – 4.5
BREIÐ BEIN HNAPPAGÖT		0.4	0.4, 0.6, 0.8	5.5	–
MJÓ BEIN HNAPPAGÖT		0.4	0.4, 0.6, 0.8	3.5	–

BEINN SAUMUR

Beint spor er mest notaði saumurinn á öllum saumavélum.
Förum aðeins yfir hvernig hann er saumaður.

1. STILLINGAR

Saumfótur - Almenni saumfóturinn
Tvinnaspennan - AUTO

ATH: Allt eftir efni gæti þurft
að fínstilla tvinnaspennuna.

- A. Tvinnaspenna
- B. Afturábak hnappur
- C. Fótlyfta
- D. Stillir fyrir sporlengd
- E. Stillir fyrir nálarstöðu





ATH: Þar sem beint spor hefur enga breidd er stillirinn
fyrir sporbreiddina notaður til að stilla nálarstöðuna.

2. Togið báða tvinnaendana undir saumfótinn og leggið þá
aftur undan saumfætinum. Hafið þá ca. 15 cm á lengd.
3. Setjið efnið undir saumfótinn og setjið saumfótinn niður.
4. Snúið handhjólinu afturábak (rangsælis) þar til nálin kemur
ofan í efnið.
5. Byrjið að sauma. Stýrið efninu varlega og stöðvið þegar
þið komið að jaðri efnisins.

ATH: Á stingplötunni eru strik sem eru bæði með
tommu og metramáli sem gott er að láta jaðar
efnisins renna eftir.

6. Snúið handhjólinu fyrst afturábak (rangsælis) þar til nálin er
í efstu stöðu, Lyftið síðan saumfætinum og dragið efnið
undan honum aftur undan fætinum og notið tvinnahnífinn
aftan á vélinni til að klippa tvinnana.


ATH: Til að tryggja að saumurinn rakni ekki er gott
að ýta á afturábak hnappinn og sauma nokkur
heftispor bæði í upphafi og lok hvers saums.



HALDIÐ SAUMUNUM BEINUM


Notið einhverja af línunum á stingplötunni til að stýra jaðrinum
eftir og halda saumnum þar með beinum.

Tölur gefa til kynna fjarlægðina frá strikinu að miðjum fætinum.



RENNILÁSAR OG MIÐSEYMI


Notið rennilásafótinn til að sauma vinstra og hægra megin við rennilásinn, og einnig til að sauma miðseymi.



RENNILÁSAR

Til að sauma meðfram hægri jaðri rennilássins, látið þið fótinn þannig á vélina að nálin stingi niður í vinstri hluta hans.

Til að sauma meðfram vinstri jaðri rennilássins látið þið fótinn þannig á vélina að nálin stingi niður í hægri hluta hans.




MIÐSEYMI

Saumið miðseymi þannig að sauma skáskorinn renning utan um snúru.

Setjið fótinn þannig á vélina að nálin stingi niður í hægri hluta hans.

Þið getið líka þrætt efnisrenninginn og snúruna saman áður en þið saumið. Síðan getið þið saumað þennan renning við efnisjaðar og síðan seinna efnið við það fyrra.




Gott ráð: Með því að færa nálarstöðuna til í litlum þrepum getið þið látið nálina stinga nær eða fjær snúrunni. Þetta er gert með sporbreiddarstillinum.

VATTSTUNGUSPOR



Þetta spor er hannað til að líta út eins og handsaumað spor og hentar fyrir stungusauma og vattstungu.

1. Spólið þeim lit af tvinna á spóluna sen þið viljið nota. Þegar vélina saumar togar hún þennan lit upp á réttuna.
2. Þræðið vélina með glærum tvinna, eða tvinna sem er líkur efninu. Þessi tvinni á ekki að sjást.
3. Herðið aðeins á yfirtvinnaspennunni aðeins lítið í einu og haldið áfram þar til spólutvinninn sést á réttunni.
4. Byrjið að sauma.



ATH: Prófið mismunandi tvinnaspennu og spórlengdir til að skoða fleiri möguleika.


ZIK ZAK SAUMUR



STILLINGAR: Saumfótur - Alhliða fóturinn
Tvinnaspennan - AUTO

Yfirtvinninn getur sést á röngunni og fer það allt eftir saum, efni, nál og tvinna sem þið notið. Undirtvinninn á hins vegar aldrei að koma upp á réttuna.


Ef spólutvinninn kemur upp á réttuna verðið þið sennilega vör við að efnið rykkist saman. Minnkið tvinnaspennuna.



STILLINGAR Á SPORLENGD OG SPORBREIDD

☒ Dökkgrái reiturinn sýnir ykkur hvar Auto/sjálfgfna stillingin er þegar viðkomandi spor er valið. Fyrir zik zak saum er sporlengdin 2 mm og sporbreiddin 5 mm.

☐ Ljósgráu reitirnir sýna aðra möguleika sem þið getið stillt á.




ATH: Gildin sem eru sýnd í töflunni eru raungildi á sporlengd og breidd en eru ekki gildin sem eru sýnd á vélinni sjálfri.

FLATSAUMUR


Flatsaumur eru zik zak spor sem liggja þétt saman og er notaður við applíkeringar, heftingar og útsauma. Losið aðeins um spennuna á yfirtvinnanum og færið sporlengdina á svæði á milli 0,5 til 2,0 mm. Notið stöðugleikaefni undir efnið ef þið eruð að sauma á þunn efni.

ATH: Þegar þið eruð að sauma flatsauma er nauðsynlegt að nota flatsaumsfótinn.



STAÐSETNING MYNSTURSAUMA

Sporbreidd útsaumssporanna eykt ávallt út frá miðjunni eins og sést á myndinni..



BLINDFALDUR



Blindfaldurinn er aðallega notaður á falda á gardinum, buxum og pílsum..

Stillingar : Saumfótur - Blindsaumsfóturinn
: Tvinnapennan : AUTO

– Venjulegur blindfaldur fyrir venjuleg ofin efni.

– Teygjanlegur blindfaldur á teygjanleg efni.

1. Kastid þaðarinn með hentugum tvinnalit. Á finni efnum strauid það ca. 10-13 mm fald. Á meðal og grófari efnum kastid það þaðarinn á efninu.

2. Brjótið efnið eins og myndin sýnir með rönguna upp.


3. Setjið efnið undir fótinn. Snúið handhjólina frá ykkur (rangsælis) þar til nálin sveiflast til vinstri. Nálin á nú aðeins rétt að stinga í faldbrúnina og ef hún gerir það ekki stillið það stýringuna (B) á blindsaumsfætinum (A) þannig að nálin rétt stingi í efnisbrúnina og stýringin stýri efninu.

ATH: Til viðbótar stillingunni á fætinum, er hægt að nota sporbreiddarstillinn. Þar er hægt að minnka eða auka sveiflubreidd nálarinnar.

Saumið hægt, og stýrið efninu varlega eftir stýringunni í fætinum.

4. Þegar þessu er lokið sést saumurinn ekki eða alla vega mjög lítið á réttunni.

ATH: Það þarf smáæfingu til að sauma blindfalda. Saumið ávallt þrúfusaum á afgangsbút.



ÞREFALT ZIK ZAK




STILLINGAR : Saumfótur - Alhliða fóturinn
: Tvinnaspennan - AUTO

Þetta er sterkur saumur eins og nafnið gefur til kynna. Hér saumar vélin þrjú stutt hliðarspor þar sem venjulegt zik zak saumar bara eitt.

Þetta er ástæðan fyrir því að við ráðleggjum þetta spor til að kasta jaðra á alls konar efnum.

Þetta spor hentar einnig vel fyrir heftingar, gera við rifur, setja á bætur, sauma frotté efni og sauma teygjur á flikur.

ATH: Þegar þið gerið við rifur eða kastið jaðra þurfið þið að breyta sporlengdinni hjandvirkt.



TEYGJANLEGIR OG SKRAUTSAUMAR

STILLINGAR : Saumfótur - Alhliða fóturinn eða flatsaumsfóturinn
: Tvinnaspennan - AUTO

Teygjanlegir saumar eru aðallega fyrir þrjón og önnur teygjanleg efni en má einnig nota á ofin efni.


BEINT TEYGJANLEGT SPOR



Þetta spor er miklu sterkara en venjulega beina sporið því það saumast þrisvar - áfram, afturábak og aftur áfram.

Þetta spor hentar sérstaklega vel á íþróttafatnaði úr teygjanlegum eða óteygjanlegum efnum og einnig fyrir sauma sem mikið reynir á eins og skrefsauma o.fl.

Notið þetta spor einnig sem stungusauma á kragahorn, manséltur o.fl. Lengið þá sporið og notið grófan tvinna.




RIC-RAC SPOR



Ric-rac er aðallega notað sem skraut-stungusaumur. Það hentar vel á handvegi, hálsmál, ermar og falda.

Ef þið mjókkíð sporið verulega er einnig hægt að nota það til að sauma saman þar sem mikið reynir á sauminn.




VÖFFLUSAUMUR



Vöflusaumurinn hentar vel til að sauma teygjur á fatnað og rykkja.

1. Saumið nokkrar raðir af þessum saum yfir mjóar teygjur.
2. Eftir rykkinguna saumið þið mjótt efni undir rykinguna til að hún haldist.

ATH: Þegar þið saumið vöflusauminn verðið þið að nota flatsaumsfótinn.




OVERLOCK SPOR



Þetta er svipað spor og notað er í fataiðnaðinum við framleiðslu á sportfatnaði – það saumar efnin saman og gengur frá jaðrinum í einum saum.


Þetta spor hentar vel til viðgerða á fatnaði sem hefur slitnað.



FJAÐRASAUMUR


Fallegt útlit á þessum saum hentar t.d. vel til að sauma saman efni jaðar við jaðar. Hentar einnig vel til að sauma blúndur á efni o.fl..

Þetta spor á einnig vel við í bútasaum.




PINNASPOR

Pinnasporið er hefðbundið spor sem hentar vel við applíkeringar o.fl.



TEPPASAUMUR

Teppasporið er hefðbundið spor sem mikið er notað á jaðra á teppum og ábreiðum. Þetta spor hentar einnig til að sauma kögur við efni, fyrir applíkeringar og húllsauma þar sem efnispræðir eru dregnir úr efninu.




STIGASAUMUR

Stigasaumurinn hentar einkum á húllsauma þar sem præðir eru dregnir úr efninu. Hentar einnig til að sauma yfir bönd og borða í samskonar lit eða lit í mótsögn við borðann. Staðsetjið sporið á miðjan borðann og þá næst fram sérstök og skemmtileg áferð.


Önnur gagnleg notkun fyrir stigasauminn er að sauma yfir mjó bönd, garn eða teygjur.

Fyrir húllsauma þar sem præðir eru dregnir úr efninum henta hörefni og gróft léreft best.



HALLANDI OVERLOCK


Saumar og kastar jaðarinn í einum mjóum og teygjanlegum saum. Hentar sérstaklega vel á sundfatnað og ípróttafatnað, T-boli, barnafatnað úr teygjanlegum efnum o.fl.



HALLANDI SPOR




Hentar mjög vel á faldsauma á munnþurrkur og dúka. Saumið meðfram jaðrinum á efniinu og klippið síðan umfram efnið frá eins nálægt saumnum og þið getið.



HALLANDI OVERLOCKSPOR




Saumar og kastar jaðarinn í einum mjóum og teygjanlegum saum. Hentar sérstaklega vel á sundfatnað og íþróttafatnað, T-boli, barnafatnað úr teygjanlegum efnum o.fl.



GRÍSKT LYKILSPOR



Hefðbundið spor og hentar sem skraut á jaðra, falda o.fl.




ENTREDEUX SPOR



Fallegt sem skrautspor á jaðra og einnig við gamla aldamótasauma. Þetta spor er oftast saumað með Wing húllsaumsnál til að búa til göt í efnið um leið.


Gott ráð: Aðeins aukin + stilling á tvinnaspennunni stækkar aðeins gatið þegar þið notið Wing húllsaumsnál.



TVÖFALT OVERLOCK SPOR




Tvöfalda overlocksporið er einkum hægt að nota í þrennum tilgangi. Það hentar mjög vel þegar sauma þarf flata teygju við jaðar þegar gera þarf við fatnað, til að kasta jaðra á efnum og til að sauma efni saman og kasta jaðrana í einum saum. Þetta er aðallega notað á teygjanleg efni en einnig á ofin efni eins og léreft, tweed, og meðal og gróf baðmullarefni.



KRISS KROSS SPOR




Aðallega notað á teygjanleg efni en einnig sem skrautsaumur á jaðra og til að sauma bekki.



KROSSUÐ SPOR



Góður saumur til að sauma teygjur en einnig sem skrautspor.



SKRAUTSAUMAR

STILLINGAR : Saumfótur - Flatsaumsfótur
: Tvinnaspennan - AUTO

- * Saumið ávallt þrúfusaum á afgangsefni áður en þið saumið á flikina sjálfa.
- * Gætið að því að það sé nógur tvinni á spólunni áður en þið byrjið að sauma - alltaf leiðinlegt ef klárast á spólunni í miðju skrautsaumsspori.
- * Losið aðeins á tvinnaspennunni.

Gott ráð: Skrautsaumar líta alltaf betur út ef aðeins er losað á tvinnaspennunni.

NOKKRAR HUGMYNDIR

Skrautsaumar á kraga

Hér er tilvalinn skrautsaumur á ermar og kraga á kven og barnafatnað, og einnig fyrir jaðar á borðdúkum.



Þegar þið notið þennan saum á borðdúka saumið þið sauminn fyrst og klippið síðan umfram efnið frá eins nálægt saumnum og hægt er.

Pyramidspor á skábönd

Notið skábönd og brjótið og saumið þetta mynstur um leið og þið festið skábandið við jaðarinn á efninu.

Örvaspor á boðunga


Þetta spor hentar mjög vel sem skrautspor á boðunga, á vasaop og vasalok.



SAMHANGANDI SKRAUTSPOR

STILLINGAR : Saumfótur - Alhliðafóturinn eða
flatsaumsfóturinn.
: Tvinnaspennan - AUTO

Þetta er gott dæmi um saum sem hentar sem samhangandi skrautsaumur og hentar vel t.d. á falda eða í bekki. Notið hvaða mynstur sem ykkur líkar í þessum tilgangi.



TÖLUÁFESTING




STILLINGAR : Saumfótur - Alhliða fóturinn
: Ístoppsplatan til að hylja flytjarann.

Staðsetjið efnið og töluna undir saumfætinum og lækkið fótinn ofan á töluna. Snúið handhjólinu til að fullvissa ykkur um að nálin stingi í götin vinstra og hægra megin á tölunni. Stillið sporbreiddina eftir því sem við á og hentar viðkomandi tölu. Saumið 10 spor.

Ef þið viljið hafa fót undir tölunni setjið þá titupjón eða eldspýtu ofan á töluna og saumið yfir eins og myndin sýnir.


Gott ráð: Til að ganga frá endunum er gott að þræða báða enda niður á rönguna og hnýta þá saman þar.



HNAPPAGÖT

NOTIÐ HNAPPAGATAFÓTINN


Vélin býður upp á tvær breiddir af beinum hnappagötum með heftingum og þau eru saumuð í lengd miðað við tölustærð sem sett er í fótinn. Og þetta er allt gert í einni aðgerð.




OG SVONA ER ÞETTA EINFALT

- * Notið alltaf milliegg eða undirlegg á þann stað sem hnappagöt eru saumuð.
- * Saumið ávallt prufu hnappagat á afgangsefni. Prófið síðan hvort talan kemst ekki örugglega í gegn um hnappagatið.


1. Veljið aðra hvora gerðina af hnappagati.
2. Setjið hnappagatafótinn á vélina.
3. Setjið töluna sem nota á á milli brúnanna aftan á hnappagatafætinum.
4. Lækkið hnappagata-arminn (C) þannig að hann fari á milli stöðvaranna (A) og (B).
5. Merkið fyrir staðsetningu hnappagatanna á flíkinni.
6. Staðsetjið efnið undir fætinum. Náið undirtvinnanum upp á réttuna og leggið hann um 10 cm aftur undan fætinum.
7. Látið merkið á efnið vera á móts við merkið á hnappagatafætinum og lækkið fótinn ofan á efnið.
8. Haldið lauslega í tvinnann og setjið vélina í gang



* Vélin saumar nú hnappagatið í eftirfarandi röð.



9. Þegar saum er lokið notið þið sprettihnífinn til að opna hnappagatið. Gætið þess að skera ekki í saumana sjálfa.




HNAPPAGÖT MEÐ UNDIRLEGGSPRÆÐI

Krækið undirleggspræðinum (sérstakur undirleggspræður fyrir hnappagöt eða perlugarn) á hakið aftan á hnappagatafætinum og tugið þræðina síðan fram undan fætinum og hnýtið þá saman að framan eins og myndin sýnir.

Saumið hnappagatið og gætið þess að zik zak sporin saumist yfir undirleggspræðinn.


Þegar saum er lokið losið þið um þræðina og klippið þétt upp við heftingarnar.



HNAPPAGÖT Á EFNI SEM ERFITT ER AÐ SAUMA

Þegar sauma þarf hnappagöt á efni sem erfitt er að sauma eða á jaðra á margföldum efnum tengið þið undirleggsplötuna (A) við hnappagatafótinn eins og sýnt er á myndinni.

Staðsetjið svo efnið á milli plötunnar og hnappagatafótsins.



3. UMHIRÐA OG VIÐHALD

GRÍPARA OG FLYTJRASVÆÐIÐ HREINSAÐ



Takið vélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar unnið er að umhirðu og viðhaldi


Nauðsynlegt er að þrifa vélina vel og reglulega til að hún vinni ávallt á réttan hátt.

1. Setjið nálina í efstu stöðu.
 2. Fjarlægið skrufurnar tvær á stingplötunni (1) og rennið stingplötunni að ykkur til að fjarlægja hana. .
 3. Fjarlægið spóluhúsið (2).
 4. Hreinsið gríparasvæðið og kring um flytjarann með burstanum. Setjið **einn dropa** af saumavélaolíu í gríparann þar sem örvarnar benda á (A, B).
- ATH: Notið aðeins viðurkennda saumavélaolíu. "Alhliða olíu" ætti alls ekki að nota á saumavélar.**
5. Setjið spóluhúsið aftur í gríparann og gætið að því að hakið (3) á að liggja upp að fjöðrinni (4).
 6. Fullvissið ykkur um að nálin sé í efstu stöðu og rennið stingplötunni aftur á sinn stað.

Hreinsun á vélinni sjálfri og fótómststöðunni

Eftir notkun ráðleggjum við ykkur að hreinsa vélina og fótómststöðuna að utan.

Notið þurrann klút til að fjarlægja ryk og ló




4. AÐRAR UPPLÝSINGAR

FLATSAUMSFÓTUR

Flatsaumsfóturinn er íhvolfur að neðan þannig að þétt zik zak spor renna auðveldlega undan honum. Það er mjög gagnlegt að nota hann við alla skrautsauma og einnig við sauma á teygjanlegum saumum.

Þétt zik zak spor eru kölluð flatsaumur. Þetta eru saumar sem eru mikið notaðir við applíkeringar og heftingar. Losið um tvin-naspennuna þegar þið saumið þessa sauma. Notið stöðugleika-efni undir efnið þegar þið saumið út á þunn og erfið efni.




TVÍBURANÁL (Aukahlutur)

Með tvíburanál getið þið saumað tvo samliggjandi sauma fyrir bisen-lek, tvöfalda skrautsauma o.fl.

Þegar þið saumið með tvíburanál, **má breidd saumsins aldrei vera stillt fram yfir merkið með tvíburanálinni** óháð því spori eða saum sem valinn er. Ef það er gert er hætt á að nálarnar brotni og jafnvel skemmd á vélinni.

Hægt er að fá tvíburanálar með mismunandi nálar millibili. Nánari upplýsingar fáið þið hjá næsta Singer umboði.




ÞRÆÐING Á TVÍBURANÁL

1. Setjið aukalega keflispinnann á vélina og setjið tvinnakefli á hann. Þræðið báða tvinnann eins og um einn tvinna væri að ræða og þræðið síðan í sitt hvora nálina.
2. Náið undirtvinnanum upp eins og um eina nál sé að ræða. Leggið tvinnana þrjá aftur undan saumfætinum og látið endana vera ca. 15 cm á lengd.

ATH: EKKI er hægt að nota þræðarann fyrir nál þegar þið notið tvíburanálar.


Góð ráð:

1. Færið stillinn fyrir sporbreiddina ávallt á merkið fyrir tvíburanálar áður en þið veljið sauminn. Þetta kemur í veg fyrir nálarbrot.
2. Ef slökkt er á vélinni fer hún aftur á sjálfgefnar stillingar. Stillingar fyrir tvíburanálar eru aðeins í lagi þegar ljósið yfir tvíburanálamerkinu er rautt.



NÁLASTAÐA Á BEINUM SAUMUM

Hægt er að stilla nálarstöðuna á beinum saumum í 13 mismunandi stöður með því að hreyfa stillinn fyrir sporbreiddina eins og sýnt er hér að neðan.



5. GANGTRUFLANIR OG RÁÐ VIÐ ÞEIM

ALMENN VANDAMÁL

Vélin saumar ekki

- * Slökkt er á aðalrofanum. – Kveikið á honum.
- * Armurinn fyrir hnappagöt er ekki uppi þegar mynstur eru saumuð.
 - Lyftið hnappagata-arminum upp.
- * Armurinn fyrir hnappagöt er ekki niðri þegar hnappagöt eru saumuð.
 - Setjið hnappagata-arminn niður.
- * Spólarinn er í sambandi. – Takið spólarann úr sambandi.

Vélin snýst ekki - er föst

- * Tvinni er flæktur í gríparanum. – Hreinsið gríparann.
- * Nálin er skemmd. – Skiptið um nál.

Efnið færast ekki

- * Saumfóturinn er ekki niðri - Lækkið saumfótinn.
- * Sporlengdin er of stutt - Stillið á lengra spor.
- * Ístoppsplatan er yfir flytjaranum - Fjarlægið ístoppsplötuna.

VANDAMÁL VIÐ SAUMA

Vélin hleypur yfir

- * Nálin er ekki alveg uppi í nálarhöldunni.
- * Nálin er oddlaus eða bogin. - Skiptið um nál.
- * Vélin er ekki rétt þrædd.
- * Tvinni er flæktur í gríparanum. – Hreinsið gríparann.

Sporin eru ójöfn

- * Nálin er of fín fyrir tvinnann og efnið.
- * Vélin er ekki rétt þrædd.
- * Yfirtvinnaspennan er of laus.
- * Þið togið í efnið. – Stýrið efninu lauslega.
- * Illa spólað á spóluna. – Yfirfarið og spólið aftur.

Nálin brotnar

- * Þið togið í efnið. – Stýrið efninu lauslega.
- * Nálin er ekki rétt fyrir tvinnann og efnið.
- * Nálin er ekki alveg uppi í nálarhöldunni.
- * Tvíburanál er í vélinni en sporbreidd of mikil.

VANDAMÁL MEÐ TVINNA

Tvinninn hrúgast upp

- * Þið hafið ekki lagt tvinnana aftur undan saumfætinum í upphafi saums. – Leggið tvinnana ca 10-15 cm aftur undan fætinum og haldið í þá á meðan vélin myndar fyrstu sporin.

Yfirtvinninn slitnar

- * Vélin er ekki rétt þrædd.
- * Yfirtvinnaspennan er of stíf.
- * Nálin er bogin. – Skiptið um nál.
- * Nálin hentar ekki tvinnanum eða efninu.

Spólutvinninn slitnar

- * Spóluhúsið er ekki rétt þrætt.
- * Ló hefur safnast saman í gríparanum. – Hreinsið gríparasvæðið.

Efnið rykkist






- * Yfirtvinnaspennan er of stíf. – Stillið.
- * Sporið er of langt fyrir of fint og mjúkt efni. – Styttið sporlengdina.

SKILABOÐ Á SKJÁNUM

Skilaboð eru sýnd með díóðuljósum fyrir ofan valborðið fyrir saumana.

Þegar skilaboð koma fram getið þið lagfært það sem að er með því að fara eftir leiðbeiningunum fyrir viðkomandi flokk.

Lausnin er ávallt sýnd með ör fyrir framan. ➔





Skilaboð á skjá	Vandamál ➔ Lausn
	1. Spindillinn á spólaranum er ekki í réttri stöðu fyrir þá aðgerð sem þið hafið valið. ➔ Staðsetjið spindilinn til vinstri þegar þið saumið en til hægri fyrir spólun. 2. Ýtt er á afturábak hnappinn á meðan spólað er. ➔ Ýtið ekki á afturábak hnappinn á meðan spólað er.
	1. Hnappagat hefur verið valið en armurinn fyrir hnappagatasaum er ekki í réttri stöðu. ➔ Setjið arminn niður og byrjið að sauma hnappagatið. 2. Saumur hefur verið valinn; en armurinn fyrir hnappagatasaum er í sambandi (er niðri). ➔ Lyftið arminum fyrir hnappagatasaum og byrjið að sauma. 3. Armurinn fyrir hnappagatasaum er ekki í réttri stöðu. ➔ Lækkið arminn fyrir hnappagatasaum þannig að hann sé lóðréttur á milli stopparanna.
	1. Eitthvað annað en mótstöðutengill er í tenglinum fyrir mótstöðuna. ➔ Fjarlægið þennan hlut úr tenglinum. 2. Fótmótstaðan er tengd eða ótengd. ➔ Þetta er ekki villuskilaboð. Þetta gefur bara til kynna að fótmótstaðan er tengd eða ótengd og C3 skilaboðið hverfur eftir nokkrar sekúndur. Engin leiðrétting nauðsynleg.
	1. Vélin gengur ekki vegna tvinnaflækju í gríparanum eða vegna fastra efna. ➔ Slökkvið á vélinni og lagfærið vandamálið sem olli því að vélin stöðvaðist.
	1. Saumurinn sem er valinn, vinnur ekki þegar ýtt hefur verið á afturábak/heftingarspor. ➔ Veljið saum sem hægt er að sauma þegar ýtt hefur verið á afturábak/heftingarspor.
	1. Yfirtvinninn er slitinn. ➔ Lyftið fótlyftinum. Þræðið vélina á nýjan leik.
	1. Stígið var á fótmótstöðuna áður en saumfóturinn var lækkaður ofan á efnið. ➔ Lækkið saumfótinn og byrjið að sauma.

KERFISVILLA

Allar kerfisvillur eru eftirfarandi:

➔ Slökkvið og kveikið á vélinni til skiptis til að leysa vandamálið, sem orsakaði villuna.

Ef villunúmerið hverfur ekki, hafið þá samband við Singer þjónustuna.

	Villuskilaboð vegna mótors fyrir aðalöxul.
	Óvenjuleg skilaboð frá spólaraspindli.
	Óvenjuleg skilaboð frá skynjurum kambhjóls.
	Afturábak hnappur er virkur, þegar kveikt er á vélinni.



Edited with Infix PDF Editor
- free for non-commercial use.

To remove this notice, visit:
www.iceni.com/unlock.htm

Aðalumboð á Íslandi:

**PFAFF hf.,
Grensásvegi 13,
108 Reykjavík**

www.pfaff.is sími 414-0400